

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/363****2021/EES/34/21****frá 17. desember 2019****um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki
að því er varðar tiltekna undanþágur fyrir blý og blýsambönd í íhlutum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki ⁽¹⁾, einkum b-lið 2. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB skulu aðildarríki banna notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums og sexgílt króms í smíðafni og íhluti ökutækja sem sett eru á markað eftir 1. júlí 2003.
- 2) Í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB eru tilgreind smíðafni og íhlutir ökutækja sem eru undanþegin banninu skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt II. viðauka skal endurskoða undanþágur 8e, 8f b og 8g árið 2019. Undanþága 8j þarfnað einnig endurmats í ljósi nýjustu upplýsinga um framfarir á sviði tækni og vísinda.
- 3) Mat á undanþágum 8e og 8g í ljósi þeirra upplýsinga leiddi til þeirrar niðurstöðu að sem stendur séu engir heppilegir staðgöngukostir fyrir hendi fyrir notkun blýs í smíðafni og íhluti sem falla undir þær undanþágur. Því ætti að fastsetja dagsetningu fyrir nýja endurskoðun á þeim undanþágum. Þó ætti að skilgreina undanþágu 8g nánar með þrengra gildissviði. Til að leyfa bílaiðnaðinum að laga sig að þessum breytingum ætti að halda núverandi gildissviði undanþágu 8g fyrir gerðir ökutækja sem eru viðurkenndar fyrir 1. október 2022 en þrengra gildissvið undanþágunnar ætti að gilda fyrir gerðir ökutækja sem eru viðurkenndar frá þeim degi.
- 4) Mat á undanþágu 8f b leiðir til þeirrar niðurstöðu að ekki ætti lengur að nota blý í þeim búnaði sem fellur undir þá undanþágu því að staðgöngukostir eru fyrir hendi fyrir notkun blýs í þeim búnaði.
- 5) Mat á undanþágu 8j, þar sem veitt er undanþága fyrir notkun blýs í lóðningarefni til lóðunar á lagskiptum rúðum, leiddi til þeirrar niðurstöðu að varðandi tiltekinn búnað séu til staðgöngukostir fyrir notkun blýs í lóðningarefni til lóðunar á lagskiptum rúðum. Þó er ekki víst að heppilegir staðgöngukostir fyrir notkun blýs séu fyrir hendi á þessum tímamarki fyrir tiltekna rúður og tiltekinn búnað. Því er rétt að mæla fyrir um nýja og takmarkaðri undanþágu 8k fyrir þessar rúður og þennan búnað.
- 6) Undanþága 8j gildir eingöngu að því er varðar gerðir ökutækja sem voru viðurkenndar fyrir 1. janúar 2020. Til að tryggja að notkun blýs verði áfram undanþegin að því er varðar þær rúður og þann búnað þar sem ekki er víst að heppilegir staðgöngukostir fyrir notkun blýs séu fyrir hendi á þessum tímamarki er nauðsynlegt að nýja undanþágan 8k öðlist gildi sem fyrst. Því ætti þessi tilskipun að öðlast gildi sem fyrst.
- 7) Því ætti að breyta tilskipun 2000/53/EB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 67, 5.3.2020, bls. 119. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 159/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 269, 21.10.2000, bls. 34.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. apríl 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu 8e kemur eftirfarandi:

„8e. Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (þ.e. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri)	(²)	X“
---	------------------	----

2) Í stað færslu 8f b kemur eftirfarandi:

„8f b. Blý í tengikerfi með sveigjanlegum pinum, þó ekki í ístungusvæði tengibúnaðar fyrir leiðslur í ökutækjum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2024, og varahlutir í þessi ökutæki	X“
---	---	----

3) Í stað færslu 8g kemur eftirfarandi:

„8g i. Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. október 2022, og varahlutir í þessi ökutæki	X
8g ii. Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu á milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum þar sem raftengingin samanstendur af einhverju af eftirfarandi: i. hálfleiðarataeknihnútur sem er 90 nm eða stærri, ii. stök flaga sem er 300 mm ² eða stærri á öllum hálfleiðarataeknihnútum, iii. flögustafar með flögum sem eru 300 mm ² eða stærri, eða kísilmillilag sem er 300 mm ² eða þykkara.	(²) Gildir um ökutæki, gerðarviðurkennd frá 1. október 2022, og varahluti í þessi ökutæki	X“

4) Eftirfarandi færsla 8k bætist við:

„8k. Lóðun á hitakerfum þar sem hitaflæðið nemur 0,5 A eða meira fyrir hverja viðkomandi lóðaða tengingu við stakar rúður í lagskiptum rúðum sem eru ekki þykkari en 2,1 mm. Þessi undanþága nær ekki yfir lóðun á tengjum sem eru innbyggð í milliliggjandi fjölliðum	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2024, og varahlutir í þessi ökutæki	X(⁴)“
--	---	--------------------